

**Ed.**

**377. Breytingartillögur**

[107. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.) Á eftir 1. másl. 2. gr. laganna komi:

En 1% fob-gjald til síldarútvegsnefndar skal sú síld greiða, sem söltuð er um borð og seld verður beint úr veiðiskipi í erlendri höfn.

b. (3. gr.) Á eftir 1. másl. 4. gr. laganna komi:

Síld söltuð um borð og seld beint úr veiðiskipi í erlendri höfn er undanþegin ofangreindu ákvæði um löggildingu.

Nú þarf að setja á land síld, sem söltuð er um borð í veiðiskipi, og getur eigandi þá látið viðurkenndan matsmann annast síldina á sinn kostnað og afhent hana fullverkaða til útflutnings til síldarútvegsnefndar.